

Skólaráðsfundur 25. nóv. 2025 á Teams kl. 17

Mætt; Sigrún Valdimarsdóttir skólastjóri, Ingunn Jónsdóttir og Sif Garðarsdóttir fulltrúar kennara, Hrafnkatla Ýma Helgadóttir, fulltrúi nemenda, Svala Guðmundsdóttir fulltrúi starfsmanna, Kári Ólafsson Vestfjörð og Þórleif Kristín Hauksdóttir fulltrúar foreldra. Björgvin Þór Þórhallsson aðstoðarskólastjóri var fundarritari.

1) Skólapúlsinn, niðurstöður nóv 2025

- a. Sigrún fór yfir niðurstöður Skólapúlsins frá því í haust þar sem tölur voru mjög ólíkar því sem skólinn hefur átt að venjast undanfarin ár. Hluti af ástæðunni er að eftir að skólinn minnkaði úr 700 barna skóla í 400 nemenda skóla, með stofnun Barnaskóla Kársness, eru aðrir skólar, aðrar skólastærðir, til samanburðar en áður. Sigrún fór þá stuttlega yfir helstu niðurstöður októbermánaðar sem sýnir að styrkleikar birtast í að einelti mælist lítið og nemendur upplifa að vinnufriður sé í kennslustundum og agi góður. Verkefni til úrbóta felast m.a. í leiðsagnarnámi en það er nýfarið af stað og því von á betri tölum í náinni framtíð.

2) Rýmingaráætlun

- a. Brunakerfið fór af stað nýlega og í ljós kom að þörf er á að fara betur yfir áætlunina með starfsfólki og nemendum. Eftir þetta atvik kom fulltrúi frá Brunaeftirlitinu og tók út kerfið og stöðuna hjá okkur og kom allt vel út þar.

3) Réttindaráð

- a. Björgvin sagði frá stofnun réttindaráðs skólans sem er hluti af innleiðingu Réttindaskólaverkefnisins. Í því sitja 13 nemendur auk fulltrúa foreldra og starfsfólks. Fyrsta verkefni ráðsins var að undirbúa skólaþingið sem fer fram 1. desember nk. Fleiri verkefni eru svo á döfinni og verður greint frá þeim síðar.

4) Skólaþing

- a. Björgvin og Sigrún sögðu frá fyrirhuguðu skólaþingi Kársnesskóla, þann 1. desember nk. Það verður haldið í matsal skólans og verða þátttakendur um eitt hundrað, fer þó eftir þátttöku foreldra. Þema þingsins verða réttindi og ábyrgð nemenda og yfirskriftin er: *Hvernig geta nemendur haft áhrif á skólastarfið?*

5) Langvinn veikindi

- a. Sigrún sagði frá áhrifum langvinnra veikinda kennara á skólastarfið og útskýrði hvernig þau mál ganga fyrir sig. Von er á því að þessi mál leysist á næstu vikum og í síðasta lagi um áramót. Ekki hefur verið hægt að upplýsa foreldra um stöðu mála þar sem þau eru óljós frá viku til viku en tekist hefur að manna nær öll forföll.

6) Önnur mál

- a. Þórleif og Kári komu með fyrirspurn um rútumál vegna skólaferðalaga, þ.e. hvort skólinn geti komið að rútukostnaði vegna skólaferðalaga í 7. og 10. bekk, sem foreldrafélagið hefur hingað til veitt styrki fyrir. Sigrún fór yfir þau mál og útskýrði stöðuna og fyrirkomulagið.
- b. Björgvin kom með tvö mál:

- i. Verkefnið Okkar skóli er verkefni sem gengur út á að Kópavogsbær lofar skólanum - nemendum – eitt þúsund krónum á hvern nemanda og svo er það hlutverk nemendaráðsins og hvers árgangs og bekkjar að ákveða hvernig þeim fjármunum verður varið. Nemendaráð 5. og 6. bekkjar er í þeirri vinnu núna og 7.-10. bekkur eru einnig að ræða þetta mál.
- ii. Á fundi nemendaráðs 5. og 6. bekkjar kom fram mikill áhugi nemenda á skólalóðinni, framkvæmdum þar og þeirri aðstöðu sem er þar í boði, til leikja og íþróttar. Rætt var um áhuga nemenda á nútímalegum körfuboltavelli núna þegar Kópavogsbær er langt kominn með gerð knattspyrnuvallar með gervigrasi á því svæði þar sem útistofur voru áður. Almennt séð er þetta gott tækifæri til að iðka samráð við nemendur, börn og unglinga, um þeirra hagsmunamál. Fulltrúar foreldra tóku til máls um þetta og lýstu yfir áhuga til að styðja við nemendur í þessu máli.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

Fundarritari, Björgvin Þór.